

Bráðabirgðatölur lögreglu 2022

Árið í hnotskurn

396 mál á sólarhring

Á árinu voru að jafnaði skráð 396 mál* á sólarhring hjá lögreglu og þar af fólu að jafnaði 112 tilvik á sólarhring í sér útkall af einhverju tagi. Er það mjög svipaður fjöldi og í fyrra. Mál geta falið í sér bæði ýmsa aðstoð sem lögregla veitir, en einnig brot og önnur verkefni. Útkall felur það í sér að lögregla þarf að koma á vettvang, oftast með forgangi.

*mál á stafrænar hraðamyndavélar eru ekki tekin með

Rétt yfir 4.300 einstaklingar handteknir

Alls voru rétt yfir 4.300 einstaklingar handteknir árið 2022. Þar af um 66% á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru um 2.200 einstaklingur vistaður í fangageymslu. Þar af um 63% á höfuðborgarsvæðinu.

Hegningarlagabrot, sérrefsilagabrot og umferðarlagabrot færri

Hegningarlagabrot (↓5%), sérrefsilagabrot (↓6%) og umferðarlagabrot (↓10%) voru færri miðað við meðaltal árána 2019-2021.

Um 78% hegningarlagabrotu voru á höfuðborgarsvæðinu

Tæplega helmingur (49%) hegningarlagabrotu á höfuðborgarsvæðinu voru með skráðan vettvang á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Háaleiti, Hlíðar, Laugardal, Miðborg, Seltjarnarnes og Vesturbæ. Þar af voru um 16% hegningarlagabrotu með skráðan vettvang í Miðborg Reykjavíkur.

Hegningarlagabrot næstflest á Suðurnesjum, N-eystra og Suðurlandi

Hegningarlagabrot á Suðurnesjum eru tvö á dag að meðaltali (2,3) og hjá lögreglunni á Norðurlandi eystra tæplega 2 (1,8). Á Suðurlandi voru hegningarlagabrot um 10 á viku (eða um 1,5 á dag). Í hinum embættunum voru brotin færri, þ.e. hjá lögreglunni á Vesturlandi, Vestfjörðum, Vestmannaeyjum, Austurlandi og á Norðurlandi Vestra.

Um 78% grunaðra eru karlar

Þegar litið er til grunaðra í hegningarlagabrotum má sjá að 78% grunaðra voru karlar og 22% konur. Þá voru nokkur kynsegin einstaklingar uppvís að brotum. (Grunaðir eru þeir sem eru einhvern tímann grunaðir um brot burtséð frá því hvort gefin sé út ákæra eða ekki)

Færri kynferðisbrot en fleiri ofbeldisbrot

Þegar litið er nánar til helstu hegningarlagabrotu má sjá að þjófnaðir (↓11%) og kynferðisbrot (↓17%) voru færri miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Innbrot, rán, eignaspjöll og brot gegn friðhelgi einkalífs voru svipuð að fjölda. Ofbeldisbrotum hins vegar fjölgaði (↑12%) miðað við meðaltal árána 2019 - 2021.

Talsvert færri kynferðisbrot gegn börnum og blygðunarsemisbrot en nauðganir voru fleiri (↑15%)

Fækkun var á kynferðisbrotum gegn börnum (↓47%) og blygðunarsemisbrotum (↓45%). Þá voru vændismál einnig færri. Hins vegar voru nauðganir fleiri (↑15%) og kynferðisleg áreitni (↑25%) einnig. Brot gegn kynferðislegri friðhelgi varð að lögum í byrjun árs 2021, en lögin snúa að dreifingu eða öflun á kynferðislegu myndefni eða hótun um slíkt. Brotin voru 60 árið 2022, en 37 árið 2021.

Heimilisofbeldi, heildarfjöldi svipaður en fjölgun tilvika af hendi foreldris og einnig af hendi barns

Heimilisofbeldis tilvik sem komu á borð lögreglu voru svipuð að fjölda miðað við meðaltal sl. þriggja ára á undan, en þau voru yfir 1000 talsins. Tilvikum vegna ofbeldis af hendi maka/fyrrum maka fækkað aðeins (↓6%), en aukning varð á tilvikum þar sem um var að ræða ofbeldi af hendi foreldris í garð barns og barns í garð foreldris, miðað við meðaltal sl. þriggja ára. Tilvik þar sem um var að ræða ofbeldi af hendi barns í garð foreldris voru að meðaltali um 3 á viku, og af hendi foreldris í garðs barns, rúmlega 2 á viku (2,3).

Fleiri vopnaútköll hjá Sérsvait, í flestum tilvikum um að ræða stunguvopn

Alls 388 vopnaútköll voru skráð hjá Sérsvait, þ.e. útkall þar sem einhver ber vopn og Sérsvait því kölluð til. Þetta eru 40% fleiri útköll en að meðaltali sl. þrjú ár á undan. Í 62% þessara mála um að ræða egg- eða stunguvopn og í 23% málanna var um að ræða skotvopn.


Metár í haldlagningu fíkniefna

Óvenju mikið magn fíkniefna var haldlagt af lögreglu og tollgæslu á árinu, og ljóst er að um er að ræða metár. Þó er ekki enn búið að klára vigtun efna nema fyrir fyrstu 10 mánuði ársins. Lögregla og tollgæsla hefur aldrei lagt hald á meira marjúna, eða yfir 160 kg, það átti einnig við um amfetamín basa, en lagt var hald á 47 lítra. Þá lagði lögregla hald á yfir 140 kg. af kókaíni (en um 100 kg. voru haldlögð fyrst í Hollandi). Þá var lagt hald á tæplega 21 lítra af MDMA basa og rúm 2 kg. af metamfetamín kristöllum sem er einnig meira en áður.


3 manndráp og 14 manndráps tilraunir

Á árinu létust fjórir í þremur manndrápsmálum. Þá voru á árinu 14 manndráps tilraunir, sem er óvenju mikill fjöldi (áður mest 8 tilraunir, árin 2017 og 2021)

**Úttektin miðar við tíma brots en ekki hve mörg brot voru tilkynnt á árinu. T.d. voru tilkynnt kynferðisbrot um 500 talsins (en 432 áttu sér stað á árinu).




Mynd 1. Fjöldi hegningarlagabrot, sérrefsilagabrot og umferðarlagabrot á árinum 2006-2022.



Mynd 2. Fjöldi 2019-2022 og hlutfallsleg breyting árið 2022 miðað við meðaltal 2019-2021.

Mál lögreglu 2022 (brot og verkefni)



Umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfirðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi, Vestmannaeyjum og Suðurnesjum.

Mynd 3. Fjöldi mála lögreglu árið 2022 greint eftir umdæmi lögreglu.

*Gögn voru tekin úr málaskrá lögreglu 29.12.2022 út frá tíma brots eða atviks. Samantektin var unnin af embætti ríkislögreglustjóra og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.